

58. stjórnarfundur haldinn í Reykjavík 25. apríl 2012

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Sigrún Helgadóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Snorri Ingimarsson, sat frá 10:30 til 12:30 og síðan frá 15:00 og Björn Ingi Jónsson, varamaður Hjalta, sem boðaði forföll.

Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Rósa ritar fundargerð.

1. *Samþykkt dagskrá.* Fundur settur kl. 10:30

2. *Samþykkt fundargerð 21. mars 2012*

3. *Samráð um samgöngur*

- Fyrir liggur stutt samantekt um verkefnið; ræddar voru fyrstu grófu hugmyndir um verkefnið. Nokkur umræða varð um málið, m.a. er varða tímaramma og kostnaðaráætlun. Beðið verður um ítarlegri gögn.
- Framkvæmdastjóra falið að ræða frekar tíma- og kostnaðaráætlun við vinnuhópinn og eins um hvaða viðmið verði lögð til grundvallar niðurstöðu.

4. *Veiðar á Austursvæði*

- Fyrir lá fundargerð svæðisráðs frá 19. apríl s.l., Björn Ármann greindi frá fundi og samantekt á niðurstöðum eftir málþing um veiðar sem haldið var 17. mars s.l.

a) Skráning á veiði

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs hvetur til þess að unnið verði markvisst að því að öll veiði innan hjóðgarðs verði skráð sérstaklega og þær upplýsingar aðgengilegar fyrir þá sem vinna að rannsóknum á náttúru garðsins. Svæðisráð leggur til að stjórn hjóðgarðsins kanni raunhæfar leiðir til að koma upp einfaldri tilkynningarskyldu og skráningu á veiddri bráð sem gagnist sem rannsóknargögn til framtíðar og það verði unnið í góðu samráði við veiðimenn.

- Stjórn leggur til að myndaður verði vinnuhópur sem skipaður verði hjóðgarðsverði austursvæðis auk þess sem óskað verði eftir því að fulltrúi veiðistjórnunarsviðs Ust og fulltrúi Skotvís sitji í hópnum. Hópnum yrði falið að fjalla um skráningu á veiði innan hjóðgarðsins.

b) Hreindýraveiðar

Vegna hreindýraveiða við markalínur hjóðgarðsins og innan hans leggur svæðisráð austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs til að Umhverfisstofnun og hjóðgarðurinn setji sér vinnureglur um veiðar á hjóðgarðsmörkum, við markalínu Snæfellsgríðlands og innan hjóðgarðs. Lagt er til að þær reglur verði unnar af vinnuhópi sem skipaður verði

Þjóðgarðsverði austursvæðis, fulltrúa veiðistjórnunarsviðs Ust og fulltrúa leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Kannað verði hvort breyta þurfi texta í verndaráætlun vegna slíkra vinnureglna. Áhersla verði lögð á að þessar vinnureglur verði tilbúnar fyrir veiðitímabilið í sumar.

- Stjórn tekur undir með svæðisráði austursvæðis um að settur verði upp vinnuhópur sem skipaður verði þjóðgarðsverði austursvæðis auk þess sem óskað verði eftir því að fulltrúi veiðistjórnunarsviðs UST og fulltrúi leiðsögumanna með hreindýraveiðum sitji í hópnum

c) Fuglaveiðar

Rætt var sérstaklega um gæsaveiðar og þá sérreglu austursvæðis að seinka upphafi gæsaveiða á Vesturöræfum til 1. september. Skiptar skoðanir komu fram á málþinginu um áhrif af þessari sérreglu. Rök svæðisráðs fyrir þessari seinkun voru á sínum tíma fyrst og fremst byggð á rannsóknum Náttúrustofu Austurlands sem sýndu að gæsavarp í Hálsinum hefði seinkað vegna virkjunarlóns. Vöktun á gæs við Háslón kemur til með að standa yfir í tíu ár og rannsóknirnar því skammt á veg komnar.

Meirihluti svæðisráðs sér ekki ástæðu til að breyta því að gæsaveiðar á Vesturöræfum hefjist 1. september þar sem rannsóknir standi enn yfir og ekkert bendi til að forsendur hafi breyst frá því verndaráætlunin var sett.

- Nokkrar umræður hófust um málið, en ákveðið að fresta afgreiðslu málsins.

Einar Kr. Haraldsson, fulltrúi Samtaka útivistarfélaganna í svæðisráði, skilaði séráliti um þetta atriði:

„Ég tel að veiðitími á heiðargæs eigi að vera hefðbundinn alls staðar innan austursvæðis Vatnajökulshljóðgarðs og sé ekki ástæðu til frekari veiðitakmarka á heiðargæs innan þjóðgarðs þar sem stofninn er gríðarlega stór og stendur auðveldlega undir þeirri veiði sem er stunduð. Á hinn bóginn styð ég að komið verði sem fyrst upp friðlandi fyrir gæsina á fyrirhuguðu Ramsasvæði við Eyjabakka, milli Snæfells og austur fyrir austustu kvísl Jökulsár í Fljótisdal“

- Nokkrar umræður urðu um málið, tillaga kom um að fresta afgreiðslu málsins og var það ákveðið.

d) Griðland við Snæfell

Griðlandið við Snæfell var rætt sérstaklega. Á málþinginu kom ekki fram mikil andstaða við griðlandið þó að skiptar skoðanir væru um rökin sem notuð voru í verndaráætlun fyrir banni á rjúpnaveiðum. Gunnþórunn sagði meiri sátt meðal heimamanna um griðland við Snæfell en búast hefði mátt við og þar með talið banni við rjúpnaveiðum. Hefði það komið nokkuð á óvart. Skúli Björn sagðist líta svo á að ekki síst væri griðlandið griðlandsins vegna og tengdist það í vitund Austfirðinga áratugalangri umræðu um friðun við Snæfell.

Svæðisráðs telur ekkert nýtt hafa komið fram sem gefi tilefni til að breyta gildandi reglum um griðlandið.

- Stjórn tekur undir tillögur svæðisráðsins

e) Tillögur um breytingar á orðalagi í verndaráætlun í kafla 9.5

9.5 Fugla- og hreindýraveiðar

„Allar veiðar, aðrar en minkaveiðar, eru bannaðar á eftirtöldum svæðum:

Í Jökulsárgljúfrum, skv. afmörkun þeirra í reglugerð.

Í Skaftafelli, skv. afmörkun í reglugerð

Innan griðlands við Snæfell og austan þess, sbr. afmörkun hér fyrir neðan.“

Lagt til að þessari málsgrein verði breytt svo:

„Allar veiðar, aðrar en minkaveiðar, eru bannaðar á eftirtöldum svæðum:

Í Jökulsárgljúfrum, skv. afmörkun þeirra í reglugerð.

Í Skaftafelli, skv. afmörkun í reglugerð

Allar veiðar, aðrar en minka- og refaveiðar, eru bannaðar innan griðlands við Snæfell og austan þess, sbr. afmörkun hér fyrir neðan.“

- Stjórn tekur undir með svæðisráði um breytingu á orðalagi.

9.5 Refaveiðar

„Veiðar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar samkvæmt veiðireglum viðkomandi sveitarfélaga, með viðurkenndum veiðiaðferðum og í samráði við þjóðgarðsvörð. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila henni til þjóðgarðsvarðar.“

Lagt er til að þessari málsgrein verði breytt svo:

„Veiðar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar samkvæmt veiðireglum viðkomandi sveitarfélaga, með viðurkenndum veiðiaðferðum. Grenjavinnsla skal vera í samráði við þjóðgarðsvörð en tilkynningaskylda um veidd hlaupadýr.“

Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að skýra þarf orðalag og heimila veiðimönnum að skjóta hlaupadýr sem verða á vegi þeirra án þess að hringja fyrst í þjóðgarðsvörð. Mikilvægt er hins vegar að grenjavinnsla fari fram í samráði við þjóðgarðsvörð því að hún er unnin á þeim tíma sem von er á fyrstu gönguhópum sumarsins.

- Stjórn tekur undir með svæðisráði um breytingu á orðalagi.

9.5 Eggjataka

„Eggjataka er óheimil á Snæfellsöræfum.“

Lagt er til að þessari setningu verði breytt svo:

„Eggjataka er óheimil á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.“

Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að útmörk þess svæðis sem hin síðari ár hefur verið nefnt Snæfellsöræfi eru óljós og engin ástæða til að heimila eggjatöku sumstaðar innan austursvæðis en ekki annars staðar.

Skarphéðinn sagði frá því að Náttúrustofa Austurlands væri að vakta gæsavarp innan og utan þjóðgarðs við Háslón. Þar hefði borið á eggjatöku við þjóðgarðsmörk en ákveðin vinna væri í gangi með Landsvirkjun og þeim sem hafa afnotarétt af landinu til að draga úr þessari eggjatöku enda hefði hún óæskileg áhrif á vöktun gæsanna á þessu svæði.

- Stjórn tekur undir með svæðisráði um breytingu á orðalagi.

f) Umferð og slóðar innan þjóðgarðs

Fjallað var um þá punkta sem komu fram á málþinginu varðandi umferð og slóða. Svæðisráð telur að skýrar reglur séu til staðar um umferð innan austursvæðis og búið að kortleggja alla slóða. Svæðisráð telur hins vegar þörf á að skýra orðalag í verndaráætlun varðandi þessar leiðir og vísar í því sambandi til fyrri bókana. Jafnframt ítrekar svæðisráð fyrri ályktanir um að laga þurfi ákveðnar slóðir ellegar loka þeim.

- Stjórn felur framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði austursvæðis að skoða málið.

5. *Sameining stofnana – Vatnajökulspjóðgarður*-staða

- Enn frekari frestun hefur orðið um ákvörðun um framhaldið. Ráðherra er áfram að skoða málið og viðbragða um framhald er vonandi að vænta fljótlega.

6. *Hollvinasamtökin Vinir Vatnajökuls* - samstarfsverkefni 2012- staða

- Gamlabúð-sýning; uppsetning mars/apríl 2013, afgreiðsla 1. maí., formleg opnun 7. júní
- Skaftafellsstofa-sýning; Stefnt að opnun endurbættrar sýningar í ágúst/sept. n.k.
- Fræðsluverkefni; í vinnslu með starfsfólki þjóðgarðsins.

7. *Gamlabúð á Höfn* – staða

Frá upphaflegum áætlunum hefur orðið seinkun á afhendingu hússins og stefnt er því að hún fari fram í lok árs.

- Samstarf þjóðgarðs og sveitafélags um upplýsingamiðstöð og Jöklasýningu verður með svipuðum hætti og undanfarin ár.

8. *Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri* – staða

- Ekki liggur fyrir endanleg niðurstaða um fjármögnun verkefnisins.

9. *Fjárlagagerð 2013* – staða

Sendar hafa verið inn tillögur með megináherslu á:

- viðbótarráðningar á föstu starfsfólki;
- varðandi framkvæmdir verður aðaláhersla nýrra verkefna áframhaldandi hönnun og síðan fyrsta áfanga byggingar þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri.

10. *Fjármál*

- Gróf niðurstaða rekstrar pr. 31. mars 2012 var kynnt.
- Aðkeypt þjónusta við innri verkefni; lítið viðbótarsvigrúm en framkvæmdastjóra falið að skoða málið betur og það tekið upp á næsta fundi. Skoðað verði hvort svigrúm verði til þess að vinna atvinnustefnu þjóðgarðsins á næstu misserum.
- Endanleg rekstrarniðurstaða ársins 2011 var kynnt.

11. *Svæðisráð-fundargerðir*

N-svæði; Vísað er í fundargerð svæðisráðs frá 13. jan s.l.

A-svæði; Vísað er í fundargerðir svæðisráðs frá 2. feb., 1.mars, 17.mars og 19. apr. s.l.

S-svæði; Vísað er í fundargerð svæðisráðs frá 7. feb. s.l.

V-svæði; Vísað er í fundargerð svæðisráðs frá 15. feb. s.l.

- Fundargerðir svæðisráðanna voru lagðar fram á fundinum. Farið var yfir framangreindar fundargerðir N, S og V svæða auk fundargerðar A-svæðis frá 2.feb. á fundi stjórnar 29.feb. sl. Að ósk formanns svæðisráðs var á fundi þessum farið var yfir ákveðin atriði úr fundargerðum A-svæðis frá 17.mars og 19.apríl, sjá lið 4 um veiðar hér að framan.

12. *Áætlun um nauðsynlega afgreiðslu stjórnar fyrir sumarið*

- *Hugsanlegt að haldinn verði símafundur vegna niðurstaðna um viðmiðin í rannsókn fyrir svæðið í Vonarskarði og á Vikrafellsleið.*

13. *Sumarferð stjórnarmanna á hálendið*

- Ákveðið er að fara í vettvangsferð laugardaginn 25. ágúst – mánudagsins 27. ágúst.

14. *Önnur mál*

- Landsvæði við Dettifoss að vestan – *áfram til skoðunar.*
- Landvarðanámskeið
 - Sigrún kynnti sínar áherslur um breytingar á landvarðarnámi en einnig námi leiðsögumanna. Framhaldsumræða á næsta fundi, Sigrúnu falið að fylgja málinu eftir.
- Snæfellsskáli- *möguleg kaup-staða*
 - Kynnt var viljayfirlýsing um hugsanleg kaup ef aðalfundur FFF samþykkir sölu.
- Vinnu- og siðareglur- *undirritaðar.* Framkvæmdastjóra falið að upplýsa starfsmenn um þær.
- Erindi frá Samút barst inn á fundinn og var ákveðið að svara erindinu eftir næsta stjórnarfund.

15. *Næsti stjórnarfundur*

- Ákveðið að næsti fundur verði haldinn 6. júní á Vestursvæði.